

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og skattanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssonar**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**



Reykjavík, 23. júní 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála (88. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér 16 atriða aðgerðalista í efnahagsmálum sem skipt hefur verið í 5 málaflokka.*

Þingsályktunartillagan er lögð fram til að bregðast við alvarlegu ástandi í efnahagsmálum. Viðskiptaráð fagnar tillögunni enda hefur skapast umtalsverður viðbótarkostnaður vegna aðgerðaleyfis og tafa við úrlausn aðkallandi vandamála. Þetta er kostnaður sem hægt væri að komast hjá, en eftir því sem hagkerfið haltrar lengur, þeim mun meiri verður skaðinn.

Rúmlega átta mánuðir eru nú liðnir frá hruni íslenska bankakerfisins og segja má að skort hafi afgerandi aðgerðir stjórnvalda fram að þessu. Illa hefur gengið að leysa þau verkefni sem liggja fyrir, t.a.m. að koma fjármálakerfinu aftur á rekspöl og leggja fram skýrar áætlanir í ríkisfjármálum. Samningar við kröfuhafa gamla bankakerfisins hafa dregist og samhliða hefur endureisn þess nýja verið skotið á frest. Áætlun í ríkissfjármálum liggur nú fyrir eftir miklar tafir, en lengi hefur blasað við að þörf væri á hagræðingaraðgerðum vegna tekjufalls ríkis og aukins kostnaðar. Að auki skortir samhljóm og framtíðarsýn í mikilvægum málum er varða bata hagkerfisins, t.a.m. í peninga- og utanríkismálum. Fulltrúar Viðskiptaráðs gera sér grein fyrir að stærð og umfang vandans krefst vandaðra vinnubragða og umtalsverðs tíma til úrlausnar. Engu að síður er tíminn dýrkeyptur, jafnt fyrir hið opinbera sem og fyrirtæki og heimili. Tafir á vaxtalækkun Seðlabankans má með beinum hætti rekja til seinangangs við endureisn bankakerfisins og kynningu á trúverðugri áætlun í ríkisfjármálum. Sá kostnaður sem fylgir frekari töfum er of mikill til að hægt sé að skýla sér á bakvið umfang og flækjustig vandans. Með það í hug hvetur ráðið stjórnvöld til að taka málin föstum tókum og má horfa til ýmissa atriða í umræddri þingsályktunartillögu hvað það varðar.

Viðskiptaráð er í grófum dráttum hlynnt þeim aðgerðum sem lagðar eru fram í tillögunni. Sérstaklega ber að fagna þeim samstarfsvilja sem einkennir tillöguna. Þau vandamál sem þjóðin stendur frammi fyrir verða ekki leyst án víðtækrar samstöðu og ber tillagan þess merki að flutningsmenn fylgi þeirri afstöðu. Ríkisstjórnin hefur undanfarið sýnt ríkan vilja af sama toga og ber því að fagna. Í ljósi þess ætti stjórnvöldum því að reynast í lófa lagið að nýta þær tillögur sem lagðar eru fram í umræddri þingsályktunartillögu í því endurreisnarstarfi sem framundan er.

Hér að neðan gefur að líta stutta umfjöllun um sérhverja aðgerð sem tillaga þessi felur í sér.

*a. Rýmkuð verði skilyrði þess að heimili geti lækkað greiðslubyrði húsnæðislána.*

Viðskiptaráð hefur lýst sig fylgjandi slíku, að því gefnu að úrræðin hafi ekki afgerandi áhrif á sjóðsstreymi fjármálafyrirtækja. Þar sem megnið af húsnæðislánum liggja innan

fjármálafyrirtækja í eigu og forsjá ríkissins, þ.e. ríkisbankanna þriggja og ÍLS, er ólíklegt að aðgerð af þessu tagi myndi skapa ófyrstíganleg vandamál. Til viðbótar gæti víðtækara svigrúm til lækkunar á greiðslubyrði spornað gegn óhóflegum samdrætti í einkaneyslu og aukið greiðsluvilja almennings meðan komist er yfir erfiðasta hjallann.

*b. Myndaður verði sérfræðihópur sem fjalli um leiðir til þess að lækka fasteignaveðlán.*

Efnahagsreikningar íslenskra heimila hafa orðið fyrir miklu hnjaski og því er eiginfjárstaðan í mörgum tilfellum neikvæð, oft sem miklu nemur. Í þessum tilfellum getur fjármagnskostnaðurinn orðið fólki og fyrirtækjum um megn, jafnvel þótt sterkt tekjuflæði sé til staðar. Að sama skapi getur dregið verulega úr greiðsluvilja sjái viðkomandi heimili ekki fyrir sér að komast nokkru sinni úr því skuldafeni sem þau standa í. Hjá ýmsum öðrum heimilum hefur framfærslan horfið í kjölfar atvinnumissis og því reynist þeim erfitt að greiða af lánum jafnvel þó eiginfjárstaðan sé jákvæð. Hjá þessum hópi ætti í flestum tilfellum frestunarræði líkt og frysting eða lækkun afborga að duga til. Að lokum eru ýmis heimili sem tilheyra báðum hópunum.

Þegar allt kemur til alls er þjóðhagslega óhagkvæmt ef stór hópur samfélagsins fellur utan þess vegna gjaldþrots eða of stífra ákvæða í greiðsluáðlögunarferli. Á sama tíma er mikilvægt að viðhalda greiðsluvilja og koma í veg fyrir að freistnivandi myndist hjá skuldunautum. Í þriðja lagi er mikilvægt að koma upp algildum og gagnsæjum verkferlum í skuldaúrvinnslu heimila og fyrirtækja sem frekast er unnt. Að lokum ber að varast að óhóflegur kostnaður vegna aðgerða til handa skuldunauta falli á almenna skattborgara. Vinni sérfræðinefnd með þetta að leiðarljósi er Viðskiptaráð fylgjandi slíkri vinnu. Nauðsynlegt er að hópurinn upplýsi samfélagið með markvissum, heiðarlegum og hlutlægum hætti um afleiðingar þeirra tillagna sem líta dagsins ljós.

*c. Stimpilgjöld verði afnumin.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda

*d. Spornað verði við atvinnuleysi með ýmsum aðgerðum.*

Viðskiptaráð er fylgjandi tillögunni en leggur þó áherslu á þær athugasemdir sem fram koma í greinargerð þingsályktunartillögunnar. Meginhlutverk hins opinbera er að skapa atvinnulífni umhverfi sem hvetur til fjárfestingar og myndunar nýrra starfa. Varast ber því að einblína um of á stórar "ríkislausnir".

*e. Settar verði verklagsreglur við endurskipulagningu skulda atvinnulífsins.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda. Sérstaka áherslu ber að leggja á markmið um að samkeppnisstöðu verði ekki raskað en misbrestir hafa átt sér stað hvað það varðar.

*f. Mótud verði skýr stefna um sölu eignarhluta í fyrirtækjum*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda.

Til viðbótar er vert að taka undir athugasemd í greinargerð tillögunnar. Þar segir réttilega að í umræðu um stöðu fyrirtækjanna hafi sjónum verið beint í of miklum mæli að stærstu fyrirtækjum landsins og eignarhaldsfélögum. Viðskiptaráð tekur undir þessi sjónarmið og bendir í því

samhengi á nýútkomna skýrslu frá ráðinu, *Hugsum smátt*, en þar er gerð ítarlega grein fyrir efnahagslegu mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í íslensku atvinnulífi.

*g. Tryggja þarf að framkvæmd fjárlaga ársins 2009 valdi ekki viðbótarhalla.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda. Í skýrslu Viðskiptaráðs, *Útþensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur*, eru kynntar leiðir til að styrkja verkferla við fjárlagagerð og umbætur á framkvæmd fjárlaga.

*h. Sett verði fram raunhæf áætlun í ríkisfjármálum sem miðast við að á þremur árum verði hallinn án vaxtagjalda horfinn og ríkisfjármál verði sjálfbær.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni en telur þó að betur megi gera ef duga skal. Útgjöld hins opinbera hafa þanist út með miklum hraða á undanförunum árum árum og því ætti svigrúm til niðurskurðar að vera umtalsvert. Umfangsmiklar skattahækkningar geta reynst tvíeggja vopn við núverandi aðstæður enda mikil hætta á að hækkningar rýri skattstofna og dragi verulega úr umsvifum. Viðskiptaráð tekur því undir þau sjónarmið að leggja þurfi áherslu á að stækka skattgrunna fremur en að auka álögur. Fjárhagur heimila og fyrirtækja er þegar í brotalömmum og ekki á það bætandi með umfangsmiklum skattahækkunum.

*i. Skoðað verði að gera kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna.*

Viðskiptaráð telur ástæðu til að skoða þennan valmöguleika. Hafa ber þó í huga að með þessu er eingöngu verið að ganga á framtíðartekjur ríkissjóðs og því þyrfti ávöxtun lífeyrissjóðanna að vera slakari en sem nemur ávöxtunarkröfu á skuldir ríkissjóðs til að núvirði aðgerðarinnar væri jákvætt. Að sama skapi er ljóst að þessu myndi fylgja tvöfalt lífeyrissjóðakerfi með tilheyrandi flækjum. Að lokum er alls kostar óvíst að það myndi reynast þjóðhagslega hagkvæmt að draga úr sjóðstreymi til lífeyrissjóðanna ef þeir reynast viljugir til fjármögnunar á mannaflsfrækum framkvæmdum, t.a.m. við virkjanagerð eða samgöngumannvirki í einkaframkvæmd. Með slíkum aðgerðum gæti ríkið dregið verulega úr framkvæmdum og sparað þannig pening og um leið dregið úr skuldsetningu. Verkefni myndu færast á efnahagsreikning lífeyrissjóðanna og þannig létta á hinu opinbera nú þegar hart er í ári.

*j. Settar verði fjármálareglur fyrir ríki og sveitarfélög til að auka samhæfingu.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda. Í skýrslu Viðskiptaráðs, *Útþensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur*, eru umræddar hugmyndir ræddar.

*k. Lokið verði við stofnun hinna nýju banka.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda. Rekstur bankakerfis án efnahagsreikninga er kostnaðarsamur af ýmsum ástæðum. Fyrir það fyrsta skapast gríðarlega óvissa og ógagnsæi sem leiðir til þess að ómögulegt er að meta hver afkoma bankanna er. Það er deginum ljósara að íslenska bankakerfið er enn of stórt og óhagkvæmt fyrir núverandi starfssemi. Það tap sem myndast af rekstrinum fellur beint á skattborgara landsins, enda eru bankarnir nú að fullu í ríkiseign. Að sama skapi gera tafir á endurskipulagningu bankanna stjórnendum þeirra erfiðara fyrir að verja lánasöfn og leita hagkvæmra úrlausna út frá rekstrarlegum langtímasjónarmiðum. Þessir þættir haldast í hendur við erfiða stöðu peningamála, en háir vextir og frekari lækkun

krónunnar rýra gæði lánasafnanna enn frekar. Við þetta má bæta fjölmörgum öðrum vandamálum, en óvissa um eiginfjárstöðu, gæði útlána, gjaldeyrisjöfnuð (og vaxtamun honum tengdum) og rekstrarreikning bankastofnanna, kippir í grundvallaratriðum stoðum undan flestu er viðkemur áætlanagerð, áhættustýringu og öðrum rekstrarþáttum.

*l. Mótuð verði stefna um framtíð ríkisbankanna.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda.

*m. Endurskoða þarf reglur á fjármáلامarkaði.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda. Sérstaka áherslu ber að leggja á að fylgja þeirri endurskoðun sem nú fer fram alþjóðlega á slíkum reglum. Séríslenskar lausnir eru ekki líklegar til að verða framtíðarsamkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja til framdráttar.

*n. Endurskoðun peningastefnunnar.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda. Núverandi stefna hefur beðið skipbrot án þess að raunverulega umræða hafi átt sér stað um framtíðarlausnir. Gjaldmiðlamálin eru stærsta einstaka hagsmunamál heimila sem og fyrirtækja við núverandi aðstæður. Það felst mikill skortur á framsýni í þeim málflutningi að um sé að ræða seinni tíma vandamál og því þurfi ekki að kynna lausnir þegar í stað. Að sama skapi felst í því virðingarleysi gagnvart þeim fjölmörgu heimilum og fyrirtækjum sem eiga allt sitt undir þróun á gengi krónunnar á komandi misserum

*o. Breytt verði reglum um gjaldeyrishöftin þannig að nýjar erlendar fjárfestingar falli ekki undir höftin.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda.


*p. Þróuð verði úrræði til að minnka umfang verðtryggingar.*

Viðskiptaráð er hlynnt tillögunni án athugasemda.

Af umfjölluninni hér að ofan er ljóst að Viðskiptaráð Íslands er í meginráttum sammála um þær aðgerðir sem lagðar eru til í tillögu þessari, með fáeinum undantekningum. Þó skal ítreka enn og aftur að skjót viðbrögð stjórnvalda við vandanum eru það mikilvægasta af öllu. Vonir Viðskiptaráðs standa því til þess að margar þeirra aðgerða sem fjallað er um í tillögunni verði fylgt eftir, hvort sem hún verður samþykkt af Alþingi eða ekki.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga að teknu tilliti til athugasemda ráðsins.**

Virðingarfyllst,



---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs